



Fréttatilkynning

04 August 2021 16:13:00 GMT

Arion banki hf. - Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 16. júlí 2021 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Með vísan til tilkynningarinnar er hér með upplýst, að í 30. viku 2021 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr.)	Hlutir í eigu Arion eftir viðskipti
29.07.2021	09:47	400.000	162,00	64.800.000	64.356.063
29.07.2021	10:02	300.000	162,00	48.600.000	64.656.063
30.07.2021	10:21	450.000	162,50	73.125.000	65.106.063
30.07.2021	10:22	200.000	162,50	32.500.000	65.306.063
		1.350.000		219.025.000	65.306.063

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion eftir viðskipti
29.07.2021	12:47	2.108	11,04	23.272	454,769
29.07.2021	12:49	2.892	11,04	31.928	457,661



30.07.2021	12: 33	10.000	11,06	110.600	467,661
30.07.2021	13: 11	10.000	11,06	110.600	477,661
30.07.2021	14: 29	4.050	11,06	44.793	481,711
30.07.2021	15: 01	610	11,06	6.747	482,321
		29.660		327.940	482,321

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 30 samtals 64.408.724 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 30 samtals 65.788.384 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 3,96% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 1.350.000 hluti og 29.660 heimildarskírteini.

Samkvæmt endurkaupaáætlunum bankans verða að hámarki keyptir 31.500.000 hluti /SDR, sem samsvarar 1,9% af útgefnum hlutum í bankanum. Heimilt er að kaupa allt að 2.520.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,15% af útgefnum hlutum og allt að 28.980.000 hluti á Íslandi, sem samsvarar 1,75% af útgefnum hlutum. Fjárhæð endurkaupanna skal ekki vera meiri en sem svarar til 320.000.000 kr. í Svíþjóð og 3.680.000.000 kr. á Íslandi (samtals 4 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 16. mars 2022. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, þ.á.m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, viðauka við reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik (MAR) nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnar ESB (EU) 2016/1052 frá 8. mars 2016, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 sem taka gildi á Íslandi 1. september 2021.



Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki hf. - Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)